

Kerlingarfjöll ehf.
Bollagarðar
Seltjarnarnes

Reykjavík, 20. júní 2022
UST202205-319/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Kerlingarfjöll - Ásgarður

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Kerlingarfjöll ehf., dagsett 24. maí 2022, um leyfi til framkvæmda innan Kerlingarfjalla.

Kerlingarfjöll eru friðlýst sem landslagsverndarsvæði sbr. auglýsing nr. 822/2020. Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar Íslands eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan verndarsvæðisins, nema með sérstöku leyfi.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til landmótunar á leigulóð fyrirtækisins í Ásgarði. Með umsókn fylgdi afstöðumynd þar sem sýnd er lega vega og gönguleiða sem til stendur að vinna við og staðsetning húsgrunna þar sem farið verður í landmótun. Þær framkvæmdir sem óskað er eftir að fara í eru; 1) lagður verður nýr vegur að tjaldstæðinu, 2) gengið verður frá yfirborði í kringum 7 húsgrunna (hús sem fyrir eru á lóðinni og til stendur að færa) í byggingarreit C ásamt því að sett verður drenlagn í gamlan skurð sem þarna er og honum lokað, 3) breyta hestagerði í bílastæði, 4) ganga frá yfirborði í kringum öll hús og tryggja gönguleiðir að og frá svæðinu, 5) færa göngubrú yfir Ásgarðsá frá núverandi staðsetningu að nýjum stað sem sýndur er á afstöðumynd. Umhverfisstofnun veitti leyfi fyrir efnistöku vegna framkvæmdana úr námum innan svæðisins í leyfisbréfi dags. 31. mars 2022. Sár á svæðinu verða grædd upp með sáningu eða þökulagningu. Lögð verður áhersla á að endurnýta gróður. Að verkinu koma 6-8 manns og mun framkvæmdinn fara fram frá maí til nóvember 2022.

Áhrifamat:

Um töluverða landmótun er að ræða á afmörkuðu svæði við Ásgarð. Framkvæmdin er hluti af umfangsmeiri framkvæmdaráformum á svæðinu. Verkefnið hefur mikil áhrif á svæðið, en þó er um að ræða svæði sem þegar er töluvert raskað sökum starfssemi sem þar hefur verið rekin áratugum saman. Fyrirhugað er að færa hús sem fyrir eru á svæðinu og vinna að landmótun við tjaldsvæðið, svo um er að ræða langtíma áhrif sem ekki teljast afturkræf. Verið er að manngera að töluverðu leyti landslag dalsins umfram það sem verið hefur. Þó má telja þessar breytingar jákvæðar, þar sem breytingarnar eru jákvæðar með tilliti til skipulags svæðisins og aðgengi innan þess. Í friðlýsingarskilmálum er umrætt framkvæmdasvæði í Ásgarði skilgreint sem svæði sem ætlað undir uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu. Umrædd framkvæmd skerðir ekki óbyggð víðerni á svæðinu umfram það sem þegar er þar sem hún er öll fyrirhuguð innan

núverandi mannvirkjabeltis verndarsvæðisins. Gestir svæðisins verða fyrir verulegri truflun vegna framkvæmdanna á meðan þeim stendur vegna umferðar þungra vinnutækja og skerts þjónustustigs hjá rekstraraðilum. Umhverfisstofnun telur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Kerlingarfjöll ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir landmótun á leigulóð fyrir tækisins innan Kerlingarfjalla ehf. sbr. lýsingu hér að ofan frá dagsetningu þessa bréfs til 30. nóvember 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki og innviði á svæðinu.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkjana og ef notkun þeirra er hætt skulu þau fjarlægð og aðrir innviðir svo sem vegir og gönguleiðir afmáðir.
- Fjarlægja skal allann úrgang vegna framkvæmdarinnar af svæðinu að framkvæmdartíma loknum.
- Koma skal fyrir merkingum við aðkomuna að Ásgarði þar sem upplýst er um framkvæmdirnar. Loka skal því svæði sem unnið er við fyrir gestum meðan vinna fer fram og þar til búíð er að tryggja öruggan aðgang gesta.
- Mikilvægt er að loka sárum í gróðurþekju eins fljótt auðið er til að koma í veg fyrir moldarfok. Til landgræðslu skal nýta sem mest þær gróðurtorfur sem til falla vegna rasks innan svæðisins. Ef meira torf þarf yfir jarðvegssár skal nota úthagatorf með sambærilegri gróðursamsetningu og fyrir er á staðnum. Sé sáð í jarðvegssár skal nota fræ tegunda sem fyrir eru á svæðinu og þarf að gæta þess að umrædd svæði séu lokuð fyrir umferð svo þau fái tíma til að gróa upp.
- Huga þarf að frágangi vegslóða og göngustíga þannig að þeir falli sem best að umhverfinu og lágmarka hættu á að efni skolist ekki til í vætu.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitafélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi forsætisráðuneytisins þarf fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Kristín Ósk Jónasdóttir
teymisstjóri

Valdimar Kristjánsson
svæðissérfræðingur